



18. stjórnarfundur LH
17. nóvember 2021 kl. 20:00
Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson, Siguroddur Pétursson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Logi Haraldsson, Hákon Hákonarson, Gréta V. Guðmundsdóttir og Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Ómar Ingi Ómarsson og Aníta Aradóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Lilja Björk Reynisdóttir, Einar Gíslason og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerða 16. og 17. fundar
Fundargerð 16. fundar samþykkt, athugasemd gerð við fundargerð 17. fundar.
2. Erindi frá Hestamannfélaginu Gnýfara á Ólafsfirði
Hestamannfélagið Gnýfari í Ólafsfirði óskar liðsinnis stjórnar LH í samskiptum við sveitarfélagið Fjallabyggð varðandi félagssvæðið þeirra, en vandamál hafa komið upp m.a. í tengslum við vatnstjón af völdum frágangs á félagssvæðinu ásamt samskiptavanda við sveitarfélagið.
Afgreiðsla: EH falið að hitta formann Gnýfara, afla frekari upplýsinga um málið og kynnir fyrir stjórn á næsta fundi.
3. Breyting á hlutafé í Landsmóti hestamanna ehf.
Á 11. stjórnarfund LH 12. maí 2021 var eftirfarandi samþykkt: „Skv. tillögu endurskoðanda LH eru hlutafjáreign og langtímakröfur LH niðurfærðar um 18.000.000 kr. til þess að mæta hugsanlegu ofmati eignar LH í LM ehf. Ekki er um endanlega niðurfærslu að ræða heldur er þetta varfærnisniðurfærsla“.

Stefán Logi Haraldsson og Hákon Hákonarson stjórnarmenn í LM ehf. greindu frá tillögu um breytingar á samþykktum LM ehf. sem verða lagðar fram á hluthafafundi í félaginu 23. Nóv. 2021.

I. Lagt er til að felld verði niður heimild stjórnar til hækkunar á hlutafé félagsins um allt að kr. 10.000.000. Því er lagt til að 2. mgr. 4. gr. samþykktanna verði felld niður.

II. Lagt er til hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 26.424.284 og verði lækkuninni ráðstafað til jöfnunar taps, sbr. ákvæði 1. tl. 2. mgr. 34. gr. laga um einkahlutafélög. Hlutafé félagsins eftir þessar breytingar verður kr. 600.000.

III. Lagt er til hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 21.100.000 og að hlutafjárhækkunin verði greidd með skuldajöfnuði kröfu Landssambands hestamannafélaga að fjárhæð kr. 17.400.000 og með skuldajöfnuði kröfu Félags hrossabænda að fjárhæð kr. 3.700.000. Hlutafé félagsins eftir þessar breytingar verður kr. 21.700.000.



IV. Lagt er til hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 15.200.000 og verði lækkuninni ráðstafað til jöfnunar taps, sbr. ákvæði 1. tl. 2. mgr. 34. gr. laga um einkahlutafélög. Hlutafé félagsins eftir þessar breytingar verður kr. 6.500.000.

Verði tillagan samþykkt verður 4. gr. samþykktanna svohljóðandi:

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr. 6.500.000. -sex milljón og fimm hundruð þúsund krónur-. Hlutaféð skiptist í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé.

Eftir ofangreindar breytingar verður hlutafjáreign þannig að hlutafé LH er kr. 5.265.403 (81,01%) og hlutafé Félags hrossabænda er kr. 1.234.597 (18,99%).

Afgreiðsla: Samþykkt að fulltrúar LH, Stefán Logi og Hákon hafi umboð stjórnar LH til að samþykkja ofangreindar tillögur á hluthafafundi LM ehf.

4. Landsmót 2022 á Rangárbökkum – tilögur mótshaldara um dagskrá

Fulltrúar Rangárbakka báðu um fund með LM ehf. Á fundinum kynntu þeir fyrirætlanir um að á dagskrá LM2022 verði auk kynbótasýninga og gæðingakeppni, íþróttakeppni í öllum greinum í meistaraflokki, 20 efstu pör á stöðulista ársins verður boðin þátttaka. Mótið verður í 7 daga, frá sunnudegi til laugardags.

Afgreiðsla: Til kynningar. Boðað verður til fundar með formönnum hestamannafélaga til að ræða fyrirkomulag mótahalds til framtíðar, þ.á.m. fyrirkomulag landsmóta.

5. Önnur mál

Erindi frá Hestamannafélaginu Sörla: Stjórn hestamannafélagsins Sörla sækir hér með formlega um styrk vegna íslandsmóts barna og unglunga sem haldið var á félagssvæði Sörla síðastliðið sumar. Óskað er eftir peningastuðningi vegna mótahaldsins. Vísað er til styrks sem veittur var íslandsmóti fullorðinna sem haldið var í Skagafirði nú í sumar og jafnræðis hvað varðar stuðning við mótahald á vegum L.H. Ennfremur er bent á tekjur af sölu sjónvarpsréttar til Alendis. Sótt er um kr. 800.000 vegna mótsins.

Afgreiðsla: Frestað.

Fundi slitið kl. 21.30